

FÉLA3CM05

MANNFRÆÐI

Hæfniprep:

Áfanginn er á þriðja þrepi.

Undanfari:

FÉLA2BB05.

Áfangalýsing:

Þessi áfangi gefur innsýn í mannfræði sem vísindagrein og aðferðafræði hennar, ethnógrafiuna. Áhersla er lögð á að nemendur kynni sér þróunarhugtakið á gagnrýnninn hátt í tengslum við þróun mannsins og þróun samfélaga. Hugtökunum þróun og menning verða gerð skil ásamt samanburðaraðferð og vettvangsathugun mannfræðinnar. Nemendur kynnst því hvernig mannfræðingar hafa beitt þessum aðferðum við gerð þjóðlýsinga á óiðnvæddum samfélögum þar sem fjallað er um mannlífspætti og menningu, svo sem heimsmynd, lífsviðurværi og ættartengsl.

Meginmarkmið áfangans er að nemendur geri sér grein fyrir fjölbreytileika menningarsamfélaga og hvernig mannfræðin nálgast þennan margbreytileika með aðferðum sínum og sjónarhorni. Einnig er ætlast til að nemendur átti sig á gagnkvæmum tengslum framandleika og kunnugleika.

Námsmat:

Námsmatið byggir verkefnum og hlutaprófum úr kennslubók á önninni.